

Skógarvörður umdæmisins:

ÍSLEIFUR SUMARLÍÐASON.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1953.

NORÐURLANDSUMDÆMI:

Vaglir í Fnjóskadal.

GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireitinn hófst 20. maí og var þá farið að taka upp plöntur og pakka þeim. Dreifsetning hófst 30. maí, sáning 2. júní og var að mestu lokið 16. júní. Tókst sáning yfirleitt mjög vel, nema sitkagreni- og hvítgrenifræ spíraði heldur treglega. Fór fræplöntunum vel fram. Birki sem sáð var til vorið 1951 og '52, skemdist mjög vegna hlýindanna í marz. Var brum mjög farið að þrútna og jafnvel laufga, þegar skyndilega skifti um hinn 25. marz með hörku frosti og síðar verstu hrið vetrarins. Eyðilagðist þá að mestu sáningin frá 1952. Tveggja ára birkiplönturnar toppköl mjög, en náðu sér þó vel yfir sumarið og mega teljast ágæt söluplöntur.- Er fyrirsjáanlegt að mjög lítið verði til af þriggja ára birki vorið 1955.- Frost gerðu fyrst vart við sig lítilshattar 12. september, en ekki sá kalskemdir á nokkurrá plöntu eftir haustið.- Ekið var um 30 tonn- um af mykju í græðireitinn, sem var skift í reiti nr. 1, 6, 8, 9, og 10 eftir stærð þeirra.- Tilbúinn áburður var borinn á samkv. því sem frá greininir í síðustu starfsskýrslu.- Hafinn var undir- búningur að stækkun græðireitsins og var rudd um 1200 m² spilda á Blómsturvöllum.- Ekki vannst þó tími til jarðvinnslu að þessu sinni.-

SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

✓ Birki	11.675 kg.	388.0 m ²	(Bæjarstaður.)
✓ Bergfura	450 -	20.0 - ✓	(Pyrenearjöll, prov. A 1077.)
✓ Skógarrura	5.940 -	297.0 - ✓	(Troms, Dalir.)
✓ Skógarrura	2.000 -	99.00 - ✓	(Sjømen.)
✓ Rauðgreni	1.320 á ✓	66.0 - ✓	(Drevja, Vefsen.)
✓ Sitkagreni	1.150 - ✓	23.0 - ✓	(Seward.)
		<u>893.0 m²</u>	

SÁNING Í GRÆÐIREITINN UNDIR GLER:

✓ Birki	0,160 kg.	5.0 m ²	(Alaska Highway 1338,17.)
✓ Blágreni <i>Brodd</i>	0,500 -	21.0 - -	(Sapinero.)
✓ Hvítgreni	1.488 -	42.0, - ✓	(Granite Creek.)
✓ Hvítgreni	0.060 -	1.9, - ✓	(Eklutna Lake.)
✓ Hvítgreni	0.080 -	211, - ✓	(Anchorage.)
✓ Hvítgreni	0.030 -	1.0, - ✓	(Highway 1318,19.)
✓ Hvítgreni	0.070 -	2.0, - ✓	(Petters Creek.)
✓ Hvítgr.xSitka.	1.000 -	24.0, - ✓	(Lawing.)
✓ Lerki	0.090 -	2.0 - -	(Richardson Highway 16,25.)
✓ Rauðgreni	0,680 - ✓	27.0 - ✓	(Drevja, Vefsen.)
✓ Sitkagreni	2.800 -	42.0, - ✓	(Seward.)
✓ Sitkagreni	0,400 -	6.0, - ✓	(Homer.)
✓ Svartgreni	0.070 -	2.0, - ✓	(Buffalo Center.)
		<u>178.0 m²</u>	

DREIFPLÖNTUN: 53

Birki 3/o	21.850	stk.	(Bæjarstaður.)
Skógarfura 3/o	30.300	-	(Dalir, Troms.)
Lerki 2/o	12.130	0	(Hakaskoja.)
Lerki 2/2	4.000	-	(Hakaskoja.)
Rauðgreni 3/o	16.000	-	(Úméä.)
Reynir 2/o	1.000	-	(Skriðustofn.)

Samtals 85.280 stk.

gradl. 2
ungr.

SELDAR & AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	40.000	stk.	✓
Alaskaösp.	400	-	✓
Gulviðir	1.300	-	✓
Reynir	300	-	✓
Lerki	28.000	-	✓
Rauðgreni 2/3 Rana?	6.000	-	✓
Sitkagreni	2.500	-	✓
Skógarfura	108.000	-	✓

Samtals 186.500 stk.

PLÖNTUR TIL SÖLU & AFHENDINGAR VORIÐ 1954:

Alaska-Hvítbirki 3/o	150	stk.	(City of Fairbanks.)
Alaska Hvítbirki 3/o	450	-	(Anchorage.)
Birki 3/2 úrval. (yfir 70cm.)	450	-	(Bæjarstaður.)
Birki 3/2 1.fl. (50-70 cm.)	8.075	-	(Bæjarstaður.) 25000
Birki 3/2 2. fl.(undir 50cm.)	16.150	-	(Bæjarstaður.)
Birki 3/o	78.200	-	(Bæjarstaður.)
Lerki 2/2	9.000	-	(Hakaskoja.)
Rauðgreni 2/2 & 3/2	20.000	-	(Rana o.fl.) <u>Aætlað.</u>
Skógarfura 2/2 & 3/2	18.000	-	(Dalir, Troms.) <u>Aætlað.</u>
Skógarfura 3/o	92.000	-	(Dalir og Strönd.) <u>Aætlað.</u>
Gulviðir 0/2 & 0/3	600	-	<u>Aætlað.</u>
Reynir 2/2/1	300	-	<u>Aætlað.</u>

Samtals 243.375 stk.

24
78
91

GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

Gróðursetning hófst 27. maí og var lokið 20. júní. Í reit nr. 212 var bætt inn í, þar sem áður var búið að gróðursetja, 3380 skógarfurum, en 8567 skógarfurur fóru til að fylla reitinn. Yfirleitt virtist gróðursetningin takast vel og saust t. d. góðar framfarir á lerkinu, sem þó var mjög illa farið, er það var gróðursett, vegna kalskemda frá haustinu áður.

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund.</u>	<u>Uppruni.</u>	<u>Reitur nr.</u>	<u>Plöntu- fjöldi.</u>
Vaglaskógur	Lerki	Irkutsk	316	7.914
Vaglaskógur	Lerki	Archangelsk	307	3.020
Vaglaskógur	Rauðgreni		305	2.874
Vaglaskógur	Skógarfura	Dalir, Tróms	212	11.974
Sandhaugar	Lerki	Hakaskója		300
Sandhaugar	Rauðgreni			300
Sandhaugar	Skógarfura	Dalir, Troms		2.000
Hrifla	Lerki	Hakaskoja		150
Hrifla	Skógarfura	Dalir, Troms.		150
			<u>Samtals</u>	<u>28.658</u>

GIRÐINGAR, FRIDUN OG VIÐHALD GIRÐINGA:

Snjóflóð tók um 280 metra af girðingunni skammt sunnan Vagla. Varð að endurnýja girðinguna á þeim kafla og var notað til þess efni úr gömlu girðingunni sem tekin var upp á Háls-
melum. Girðingin um Sigríðastaðaskóg var endurbætt verulega. Var bætt í hana um 300 staurum og net og gaddavír strengt upp og lagfært.- Bætt var um 150 staurum í girðinguna um Fosssels-
skóg. Öðrum girðingum haldið við eins og venjulega, en yfir-
lætt var girðingaviðhald með minnsta móti og ásókn sauðfjár
óvenju lítil.- Bætt var 350 metrum við girðinguna að Grund í
Eyjafirði. Efnið vírnet, gaddavírsstrengir undir og ofan, járn-
staurar, steyptir, horn- og hliðstólpar. Sá Skógræktarfélag Eyfirð-
inga um uppsetningu girðingarinnar.- Lagt var til efni til endur-
nýjunar girðingarinnar að Fjalli í Aðaldal. Voru það 26 rl. gadda-
vír og 100 millistaurar. Þigandim Ketill Indriðason, annaðist
uppsetningu.

SKÓGARHÖGG, GRISJUN & KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

	<u>Eldiv.</u>	<u>Efniv.</u>	<u>Arinv.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Renglur</u>	<u>Viðarmagn</u>
	<u>kg.</u>	<u>m3.</u>	<u>kg.</u>	<u>stk.</u>	<u>stk.</u>	<u>Alls.</u>
						<u>Hestburðir.</u>
Vaglaskógur	61.500	4.500	3.000	2.700	710	854
Þórðarstaðarsk.	15.000			100		155
	<u>76.500</u>	<u>4.500</u>	<u>3.000</u>	<u>2.800</u>	<u>710</u>	<u>1.009</u>

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 107, 108, 109, neðri hlutar, þynnt birkið yfir skógarfurunni í reit 212, grisjaður reitur nr. 211, syðri hlutar reitanna nr. 305 og 316, allur reiturinn nr. 324 og hluti af 314.- Minna varð um skógarhögg vegna þess að allmikill tími fór í að höggva brautir þar sem unnið var að vegagerð og afmörkun reita í Þórðarstaðaskógi.- Allmiklar viðarbirgðir voru til í ársbyrjun eða um 55 tonn og voru þær mikið til unnar upp. Eldiviðarbirgðir í árslok áætlaðar um 20 tonn, staurar 1400 stk, millistaurar 300 stk. og efniviður 0.500 m³.- Eldiviðar og reykviðarsala fór nokkuð minkandi og búast má við að svo verði sé ekki hægt að afla nýrra markaða.-Fordson dráttarvél var staðsett í Vaglaskógi á árinu. Er henni ætlað það hlutverk að knýja vélsög og annast viðarflutninga þar sem með þarf í skógnum.- Byrjað var að skifta Lunds- og Þórðarstaðaskógi niður í teiti og annaðist það verk Baldur Þorsteinsson, skógfræðingur.

BYGGINGAR OG VIÐHALD FASTEIGNA:

Aðeins voru frækvæmdar nauðsynlegar smáviðgerðir að þessu sinnu t. d. lagfærðir gluggar og málaðar og veggfóðraðar tvær stofur í Vaglahúsinu.-

VEGAGERÐ:

Allmikið var unnið að vegagerð að þessu sinni. Jarðýta Skógræktarinnar vann 312 stundir að vegagerð. Í Vaglaskógi var ruddur vegur frá Skógarseli um skóginn suður að Mörk. Gerir hann mikið auðveldara um skógarhögg og viðarflutninga á stóru svæði.- Ruddur var vegur frá Kiðsá suður að svo nefndu Búðargili í Þórðarstaðaskógi.- Var víða mjög erfitt um vegarlagningu á þessari leið, vegarstaði mjög mishæðótt og gil, lækir og aðrir farartálmar sem fara þurfti yfir. Voru settar tunnur í verstu gilin og lækina, en margar torfærur eru þó enn á þessari leið, sem gera þarf skil, ef vegurinn á að teljast samilega akfær.- Ekki vannst tími til að ryðja suður að Þórðarstöðum, en vonandi getur það orðið á sumri komanda.

FERDALÖG:

Dvaldist í Reykjavík dagana 24. febrúar til 7. marz og ~~sát~~ sat þar fund með skógræktarstjóra og skógarvörðum.-14. maí athugaði ég girðingarstaði um Ystafellsskóg.- 25. maí flutti plöntur í Aðaldal og Reykjadal. Leiðbeindi um gróðursetningu í þeirri ferð að Laugum.- 23. júní leiðbeindi um gróðursetningu hjá Ungmennafélagi Svalbarðsstrandar. Flutti plöntur víða um svo sem venja er.- Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Laugarvatni dagana 4.- 6. júlí.- Auk þessa fjölmargar ferðir vegna viðskiftanna, eftirlit með girðingum og vegagerð. Alls var ég 66 daga að heiman

ÝMISLEGT:

Brum byrjaði að þrútna um 23. maí, en grænn yfir að líta og að mestu laufgaður varð skógurinn 6. júní. Síðasta næturfrost sem vart varð, var aðfaranótt 3. júní.- Fræfall varð lítið sem ekkert.- Skógarmaðks varð lítið vart.- 6. september fór skógurinn að breyta lit, 13. s. m. er hann mikið farið að sölna, lauffaus að mestu 25. september.- Fyrsta frost sem vart varð að ráði var 12. september.

Vöglum 4. janúar 1954.

Þorliefur Gunnarsson